

Fundargerð.**Fundur haldinn í skólamálaráði 10.12.2002. 10 fundur.**

Mætt: Siggeir Stefánsson, Esther Ágústsdóttir, Árni Davíð Haraldsson, Sólveig Óladóttir, Sóley Vífilisdóttir, Elfa Benediktsdóttir, Axel Gunnarsson og Mirjam Blekkenhorst.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Skýrsla skólastjóra. Séra Sveinbjörn hélt fyrirlestur um forvarnarmál og vill skólamálaráð þakka honum fyrir þetta framlag. Samþykkt að halda litlu jólin fimmtudaginn 19. des. kl. 17:00 í stað 20.des. þar sem margir nemendur eru fjarverandi þann dag. Tónlistarskólinn er fullbókaður með 28 nemendum, það reynist mjög vel að hafa túlk og nauðsynlegt að hafa hann áfram með yngstu börnin. Samþykkt að fullorðnir borgi kr. 500. - inn á jólatónleikana og yrði innkoman notuð til hljóðfærakaupa.

2. Skýrsla leikskólastjóra. Litlu jólin verða haldin þriðjud. 17. des. 26 börn eru nú í leikskólanum og nóg pláss fyrir fleiri. Taka þyrfti lóðina í gegn næsta sumar.

3. Agamál skólans rædd.

4. Skólastjóri skýrði frá málum 1. og 2. bekkjar. Skipta þarf bekknum upp. Skólamálaráð styður hugmynd skólastjóra um að skipta 1. og 2. bekk upp og auglýsa eftir kennara fyrir 1. bekk.

5. Starfslýsing húsvarðarins samþykkt af skólamálaráði. Þökkum Sparisjóðnum fyrir góðan stuðning við tölvustofuna. Rekstrarniðurstöður fyrir 2001 og 2002 voru kynntar. Væntanlegt er háhraða internet tenging innan skólans, ætti að vera komin 1.feb. 2003.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.
Mirjam Blekkenhorst, ritari.